

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 121

4. október 2022

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 4. október 2022 kl. 17:00. Mætt eru: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestur fundarins var Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðir fyrir fund 120 og var hún samþykkt smhljóða.

### 2. Drög að fjárhagsáætlun næsta árs

Skólameistari og fjármálastjóri fóru yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2023. Rætt um breytingar á fjárhagsáætlun sem bera á upp til samþykktar þann 10. nóvember nk. Vonir eru uppi um að rekstrarframlag ríkisins miðist við að hækka nemendaígildi úr 120 í 130. Þetta verður tekið upp í samtali við ráðuneytið. Tekjur og gjöld vegna sjálfstæðra verkefna svo sem samningur vegna Kviku og sérstakur samningur við Mennta og barnamálaráðuneyti um skólaþróunarverkefni er í vinnslu og kemur niðurstaða til með að hafa áhrif á fjárhagsáætlun. Umræður fóru fram í kjölfarið. Fjármálastjóra falið að skoða möguleika varðandi innlánsvexti á handbæru fé MB og leggja til tillögur til umræðu á næsta fundi stjórnar MB.

### 3. Verðkönnun meðal endurskoðunarfyrtækja fyrir MB

Rætt um tillögu sem lögð var fyrir á aðalfundi MB að ráðast í verðkönnun meðal endurskoðendafyrtækja fyrir Menntaskóla Borgarfjarðar.

Lögð er fram tillaga að ráðast í verðkönnun og að gerð verði ítarleg verðkönnunargögn sem verður svo lögð fyrir ákveðinn fjölda fyrtækja sem sinna bókhaldsþjónustu.

Samþykkt einróma.

### 4. Skipan í stjórn Nemendagarða MB

Stjórn MB skipar í stjórn Nemendagarða MB. Tilnefnd eru: Bragi Þór Svavarsson skólameistari MB Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir aðalmaður og Hrefna Bryndís Jónsdóttir aðalmaður. Varamenn eru

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB sem varamaður formanns stjórnar, Bjarki Þór Grönfeldt varamaður og Sigursteinn Sigurðsson varamaður.

Tilnefningar eru samþykktar einróma.

## **5. Skólastarfið**

Skólameistari sagði frá heimsókn menntastofnanna í Borgarbyggð og hugarflugsfundi í kjölfarið um hvernig stofnanirnar geti nýtt sér Kviku. Áfram verður unnið með niðurstöður en ljóst að stofnanir og skólar sjá margar leiðir til að nýta Kviku í sínu starfi.

Vinna við uppbyggingu STEAM er í fullum gangi. Áfangalýsingar eru tilbúnar og kennslulýsing fyrsta áfanga vel á veg komin.

Samvinna háskóla á landinu og MB. Hópur frá ráðuneyti háskóla átti fund með stjórnendum MB ásamt verkefnastjóra skólaþróunar og fékk kynningu á skólaþróunarverkefni MB. Hópurinn hvatti MB til að sækja um styrk í Samvinnusjóð háskólanna til að tengja skólaþróunina frekar við háskólasamfélagið. Viðræður um slíkt eru hafnar.

Farið yfir starfsmannamál. Rætt um afleysingar í forföllum starfsfólks, og langvarandi veikindi. Rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir er varðar kulnun starfsfólks.

Rætt um félagslíf, en það er að fara hægt af stað á haustönn og er verið að reyna að efla það með ýmsum leiðum. Rætt um Gettu betur og rafræna útgáfu Eglu.

## **6. Ráðningarsamningur við skólameistara**

Skólameistari vék af fundi undir þessum lið.

Umræður fóru fram. Formanni stjórnar falið að fara yfir starfskjör og ráðningasamning við skólameistara.

## **7. Önnur mál**

Engin önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki gert, og fundi slitið klukkan 18:23.